

Ágæti fundarstjóri, kæru gestir!

Það gleður mig óneitanlega að vera kominn hingað fyrir hönd nemenda á mínum síðasta degi sem formaður Sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Með því líkur tveggja ára setu minni í sviðsráðinu. Á þessum tveimur árum hef ég bæði fengið að fylgjast með og vera þátttakandi í að móta sviðsráðið.

Til að fræða ykkur sem ekki þekkið til urðu hin svokölluðu sviðsrád til eftir kosningar til Stúdentaráðs í byrjun árs 2013. Fyrir þann tíma var Stúdentaráð iðulega meira og minna skipað nemum úr greinum félagsvísinda, svosem stjórnmálafræði og lögfræði, þó að einn og einn lækna-, hjúkrunar- eða sálfræðinemi hafi dottið inn með reglulegu millibili. Áðurnefnd breyting í byrjun árs 2013 var sú að kosið var í Stúdentaráð innan hvers sviðs, líkt og um kjördæmi væri að ræða, og þannig einnig kosið í sviðsráð, alls 27 nemar. Á Heilbrigðisvísindasviði var ákveðið að fimm skildu sitja í sviðsráðinu. Þessar breytingar hafa orðið til þess að mun meiri breidd nema er innan Stúdentaráðs. Einnig hefur þessu fylgt að nemendur geta látið meira í sér heyra innan þeirra sviða sem þeir teljast til.

Þó að það eigi vissulega eftir að straumlínulaga mörkin milli sviðsráðs og nemendafélaga deilda sviðsins er sviðsráðið mikilvæg eining innan þess. Það verður líka að minnast á hversu sterka rödd sviðsráð HVS hefur, það þarf ekki annað en að horfa til síðustu kosninga til stúdentaráðs þar sem kjörsókn á sviðinu var yfir 50%. Er það töluvert stökk frá kjörsókn árið 2013 þegar hún var rúm 38%. Það er því til mikils að hlakka til.

Þegar horft er á heilbrigðisvísindasviðið með augum nema sést margt gott en líka margt sem má bæta. Fyrir það fyrsta ber að fagna ráðningu kennsluþróunarstjóra á sviðið. Slík ráðning sýnir það í verki að sviðið horfir til breytinga og fjölbreytni í kennsluháttum. Við nemar hlökkum einnig til að sjá kennara falla frá þeirri kenningu að Powerpoint fyrirlestrar séu alfa og omega í kennsluháttum yfir í fjölbreyttari hætti þar sem nemar taka virkari þátt í kennslu. Eins ætti sviðið að fá sérstakt hrós fyrir að ná að undirbúa okkur jafn vel og raun ber vitni miðað við það hversu undirfjármagnað það virkilega er, en meira um það síðar.

Ef við horfum til þeirra þátta sem þarf svo sannarlega að bæta ætla ég að beina sjónum mínum að nokkrum þeirra. Fyrst þarf að minnast á þá staðreynd að ekki séu upptökupróf í öllum deildum sviðsins. Hafandi verið í kosningabaráttu og í sviðsráði hef ég heyrt eina deild sérstaklega liggja þar undir ámæli. Ég veit ekki hvort kaldhæðnin geti verið meiri en svo að í námi þar sem þú lærir um kvíða, þunglyndi og "dagsformið", að það sé gefinn einn og aðeins einn möguleiki á að ná. Ef dagsformið er lélegt skaltu vinsamlegast taka áfangann aftur væni minn og mögulega seinka útskrift um eitt ár. Fyrir ykkur sem hafið ekki kveikt á perunni á ég vissulega við Sálfræðideildina.

Annað sem við nemar kvörtum sáran yfir er aðstaðan, hvort sem er til kennslu eða til fataskipta á Landspítala. Þetta hefur lengi verið vandamál. Nú er það orðið svo að myglusveppur mælist í Eirbergi þar sem stór hluti kennslu á sviðinu fer fram. Þó svo að ég sé hlynntur verklegri kennslu veit ég ekki hvort það sé réttast að læra um sjúkdómana með því að upplifa þá af eigin reynslu.

Þar er þó ekki öll sagan sögð, aðstaða nema á Landspítala er einnig bágborin. Fyrir ykkur sem þekkið ekki til vek ég athygli á árshátíðarmyndböndum læknanema á 4. ári sem gefa ágætis mynd af ástandinu. Í þeim, og já, það kemur fyrir í fleiri en einu, sýna atriðin hversu þröngt það er þegar 20-25 læknanemar hrúgast saman inn í herbergi á stærð við miðlungsstórt klósett í einbýlishúsi í Garðabænum og skipta þar um fót. Stemmingin er eins og á góðu síldartunnuballi úti á landi hér forðum daga. Að lokum ber að nefna það að sviðið er útum allt! Allt frá Haga við Hofsvallagötu upp í Grafarholtið. Þetta skapar vandamál þegar nemar á sviðinu þurfa komast á milli bygginga sviðsins á einum og sama deginum. Vegna þessa ætti í raun að standa í kennsluskra vissra deilda að skilyrði séu að eiga og/eða hafa afnot af bifreið.

En! Það er ljós í myrkrinu, öll þessu aðstöðuvandamál ættu að heyra sögunni til með tilkomu nýs hátæknikennsluhúss sem mun rísa við Læknagarð hönd í hönd við nýjan meðferðarkjarna Landspítala. Þar skilst mér að bróðurpartur sviðsins muni stunda nám og býður það upp á mun meiri möguleika á þverfræðilegu námi milli deilda sviðsins. Þó má ekki gleyma því að eins og staðan er nú er þetta ekki að gerast á næsta eða þarnæsta ári. Þess vegna er það mikilvægt að vekja athygli á þessum vandamálum þannig að hægt sé að koma með skammtímalausnir á þessu bágborna ástandi því að þeirra er þörf.

Ég nefndi áðan að sviðið ætti að fá hrós fyrir að undirbúa okkur nema jafn vel og raun ber vitni miðað við hversu undirfjármagnað það er. Heilbrigðisvísindasvið tengir saman þau tvö kerfi sem hvað mest hafa verið undirfjármöguð, þar eð, menntakerfið og heilbrigðiskerfið. Of lengi hafa þau setið á hakanum og verið undirfjármögnuð ár eftir ár. Háskólinn er undirfjármagnaður og heilbrigðisvísindasvið er verulega undirfjármagnað. Það á sérstaklega við um klínískt nám. Fjöldatakmörkanir vegna plássleysis í klíník valda því að ekki er hægt að auka fjármagn deilda með því að fjölga nemendum. Eins ætti undirfjármögnun rannsókna við Háskólann að vera lögreglumál.

Það er ekki aðeins erfitt fyrir Háskólann að ná endum saman. Það er líka erfitt fyrir nema að ná endum saman. Nám á sviðinu er krefjandi nám, bæði bóklegt og verklegt. Þó er það svo að nemar þurfa að vinna með náminu til að geta staðið skil af íbúð og bifreið til að komast á milli tíma. Slíkt veldur því að nemar eiga erfitt með að stunda fullt nám. Það veldur því að ekki allir útskrifast á réttum tíma sem eykur kostnað samfélagsins alls.

Það er vegna þessara hluta sem ég hvet okkur öll til að standa saman. Undirfjármögnun Háskólans snertir okkur öll, forseta deilda, kennara og nemendur. Því ættum við að vinna saman að því markmiði að fá inn aukið fjármagn. Nú stendur til að flýta alþingiskosningum. Það ætti að koma skýr krafa frá okkur öllum að menntakerfið skuli vera í efstu sætum kosningaloforða flokkanna, það er okkar að vekja athygli á vandanum. Við þurfum að hætta að láta eins og allt verði í stakasta lagi, "að þetta reddist", slík meðvirkni hjálpar ekki. Við þurfum að láta heyra í okkur á þessum stærsta vinnustað landsins sem Háskóli Íslands er því eins og skáldið sagði forðum:

Sameinuð stöndum vér, sundruð fáum við ekki neitt.